

Bstj. 30. nóvember 2011

4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Eins og við öll vitum hér, þá hef ég lengi, og eiginlega frá því að fyrstu hugmyndir komu upp um svokallaða fagfrjálshyggju Samfylkingarinnar, haft miklar efasemdir um það fyrirkomulag. Ég hef miklar efasemdir um það að vera að fela svokölluðu fagfólki að taka pólitískar ákvarðanir og tel mikilvægt að kjörnir fulltrúar séu þeir sem taki ákvarðanir í Orkuveitu Reykjavíkur enda eðli málsins samkvæmt allt starf stjórnarinnar afar pólitískt. Það á að vera þannig að mínu mati að borgarbúar eigi sína fulltrúa og það sé enginn efi eða vafi sem leiki á því í hvers umboði fólk sitji og á hvaða stefnu ákvarðanir eru byggðar. Fólk á að geta kosið sér fulltrúa í samræmi við þá stefnu sem það aðhyllist sjálf.

Nú, þessu hefur Samfylkingin ekki verið sammála og Besti flokkurinn svolítið slegið í og úr. Samfylkingin hefur lengi talað fyrir svokallaðri faglegri stjórn og það þá bara á sumum fyrirtækjum borgarinnar en ekki öllum og sérstaklega Orkuveitunni. Við þekkjum þetta og við höfum oft tekist á um þetta. Ég vil meina núna þegar rúmt ár er liðið af þessu kjörtímabili og stjórn sem er skipuð að meirihluta til svokölluðum faglegum fulltrúum hefur verið við störf, reyndar með einhverjum útskiptingum, að þá sé komin það mikil reynsla að ég geti sagt að þarna hafi bara ítrekað og sérstaklega núna upp á síðkastið orðið misbrestir í ákvörðunum Orkuveitunnar. Ég allavega vil fá að ræða það hér við fulltrúa meirihlutans sem eru kjörnir til þess að ræða um pólitík og það pólitík Orkuveitunnar. Ég vil mjög gjarnan fá upplýsingar frá fulltrúum meirihlutans hér um þeirra skoðun og þeirra stefnu varðandi þær ákvarðanir sem ég tel að hafi verið gegn stefnu meirihlutans.

Það er tvennt núna alveg upp á síðkastið sem hefur verið skrítið. Í fyrsta lagi er það hérna umsögn sem Orkuveitan sendi til Alþingis um þingsályktunartillögu vegna rammaáætlunar. Í þeirri umsögn, og mér skilst reyndar og það hefur verið þannig að umsagnir hafa ekki farið fyrir stjórn fyrirtækisins, þannig hefur það verið bara alla tíð að starfsfólk Orkuveitunnar hefur getað sent umsagnir inn til Alþingis algjörlega án þess að stjórnin komi þar nokkuð að og algjörlega óháð því hvað stjórninni finnst um málið. Þannig hafa miklar yfirlýsingar verið sendar til

Bstj. 30. nóvember 2011

Alþingis sem hafa ekkert endilega verið í samræmi við vilja kjörinna fulltrúa eða þá stefnu sem fyrirtækið hefur verið rekið í. Þetta tel ég vera mjög bagalegt og lagði til á sínum tíma að þessar umsagnir færu alltaf fyrir stjórn fyrirtækisins og það væri stjórnin sem bæri á þeim ábyrgð enda er það stjórnin sem mótar stefnu fyrirtækisins og ber ábyrgð á rekstrinum.

Nú, svo gerist það að það er kynnt fyrir okkur umsögn frá ... já, það er semsagt ekki samþykkt að þessar umsagnir fari fyrir stjórn fyrirtækisins heldur er það í einhverju vinnuferli, en á meðan var samþykkt að við fengjum þó allavega kynningu á þeim umsögnum sem væru sendar. Svo gerist það að það er kynnt fyrir okkur umsögn um rammaáætlun þar sem fyrirtækið setur sig upp á móti því að Bitra sé í verndarflokki og leggur til að hún sé sett í biðflokk og við þekkjum svo sem þessa sögu hér og mér finnst það undarlegt, ég geng á fulltrúa meirihlutans sem segja að þau telji að rekstrarlegir hagsmunir fyrirtækisins hljóti að liggja í því að Bitra verði í biðflokki og það séu bara rekstrarlegar forsendur sem skipti þar máli. Mér fannst þetta undarlegt en enn undarlegra fannst mér þegar kom svo að borginni að veita umsögn um sama mál, þá þagnar borgarráð og meirihluti Besta flokks og Samfylkingar fagna því að Bitra skuli vera í verndarflokki en ekki bið.

Fulltrúar þessa sama meirihluta höfðu ekki gert neinar athugasemdir, ég minni á það. Þannig að þarna erum við að sjá störf meirihluta stjórnar Orkuveitunnar ganga í bága við stefnu meirihlutans í borginni. Mér finnst þetta alvarlegt. Mér finnst þetta vont. Mér finnst þetta ekki bara vont fyrir mig, það kemur mér svo sem ekkert við, en þetta er vont fyrir borgarbúa að vita ekki hvert sé stefnt og hver sé raunverulega stefnan. Vegna þess að sumir fulltrúar meirihlutans segja eitt og aðrir fulltrúar meirihlutans segja annað, þegar kemur að ákvörðun um það hvort það eigi að virkja Birtu eða ekki, þá vita borgarbúar ekkert hvað á að gera.

Hitt málið varðar svo samning sem gerður var við fyrirtæki sem kallar sig Geo-Greenhouse. Þann samning hef ég ekki séð en fyrirtækið ætlar að fara í tómatarækt á Hellisheiði. Orkuveitan gerði raforkusölusamning við þetta fyrirtæki og ég fæ þennan samning sendan með gögnum, fletti honum lauslega og sé að þar er mjög stíft trúnaðarákvæði. Í framhaldi af því hringi ég í stjórnarformann Orkuveitunnar og forstjóra og fæ þá þær upplýsingar að viðsemjandinn hafi sagt

Bstj. 30. nóvember 2011

að það væri bagalegt fyrir fyrirtækið, sem sagt Geo-Greenhouse, að samningurinn yrði opinber þannig að verðið yrði opinbert en þeir myndu ekki setja það sem afarkost, bara síður en svo. Ég fer svo inn á stjórnarfund og við ræðum þetta mikið og það koma fram sömu upplýsingar, að það er sem sagt ekki afdráttarlaus krafa viðsemjandans að þessi leynd ríki, en aftur á móti hefja bæði fulltrúar meirihlutans og stjórnendur Orkuveitunnar upp raust sína um ríka viðskiptahagsmuni, um arðsemissjónarmið, um samkeppnissjónarmið og aftur eru það þessar rekstrarlegu forsendur sem ráða því að stjórnin ákveður að halda viðskiptaleyndinni áfram.

Orkuveitan hefur ekki bara það eina markmið að græða. Orkuveitan er opinbert fyrirtæki og hún er í eigu borgarbúa, það er alveg ljóst held ég og mér finnst mjög leiðinlegt að fullyrða um vilja þjóðarinnar eða borgarbúa og finnst stjórnmalafólk gera of mikið af því, en það er samt þannig að krafan um aukið gagnsæi og lýðræðisleg vinnubrögð, opin og heiðarleg viðskipti, hefur allavega orðið ríkari eftir hrún heldur en hún var. Þess utan er það þannig að Samfylkingin; ég veit svo sem ekkert með Besta flokkinn, það eina sem ég veit um stefnu Besta flokksins er úr stefnuyfirlýsingu Samfylkingar og Besta flokks þar sem segir: „Fjármál Reykjavíkurborgar eru fjármál borgarbúa,“ fyrirgefðu, með leyfi forseta, „fjármál borgarinnar verði sett fram á mannamáli og með myndrænum hætti sem öllum er skiljanlegur.“ Það er kannski ekki alveg í anda þessa ákvæðis stefnuyfirlýsingarinnar að samþykkja svo samning sem á að ríkja leynd um. Það er ekki nóg með að þetta séu fjármál borgarbúa, auðvitað er Orkuveitan í eigu borgarbúa, en það er ekki nóg með að þau eigi að vera opinber heldur á að setja þau fram á skýru mannamáli og með myndrænum hætti. Ég myndi segja að þetta ákvæði gerði það að verkum að það ætti allavega ekki að ríkja leynd.

Nú, Samfylkingin hefur verið svona tiltölulega þétt upp við okkur Vinstri græn í þeirri afdráttarlausu skoðun okkar að svona samningar eigi að vera opinberir. Ég get nefnt hér ýmis dæmi. Árið 2006 þegar það gerðist í fyrsta skipti að fulltrúi Vinstri grænna gekk út úr stjórn Landsvirkjunar og neitaði að taka á móti gögnum, þá skrifaði Steinunn Valdís mjög langan og ítarlegan pistil á heimasíðu sína, þar sem hún sagði að henni hefði verið skapi næst að ganga út með Álfheiði en gerði það ekki. Árið 2007 lögðu borgarráðsfulltrúar Vinstri grænna, Samfylkingar og þá

Bstj. 30. nóvember 2011

Frjálslynda flokksins fram tillögu um að aflétta með formlegum hætti þeirri leynd sem þá hvíldi á ennþá á raforkuverði í fyrirbyggjandi samningi á milli Norðuráls og Orkuveitunnar. Þeirri tillögu var vísað frá í miklu havaríi. Árið 2008 var undirritaður leynisamningur milli Orkuveitunnar og Norðuráls, þá vék fulltrúi Vinstri grænna enn af fundi, en fulltrúi Samfylkingarinnar, Sigrún Elsa Smáradóttir, óskaði þá bókað að það væri eðlilegt að leita samninga við viðsemjandann um hvort sátt gæti náðst um að aflétta leyndinni.

Þá vil ég ítreka að það sem ég var að fara fram á á stjórnarfundinum, þar sem samningurinn var samþykktur, var bara að leita eftir því að raforkuverðið mætti vera opinbert. En það var vilji meirihluta stjórnarinnar að halda þessu leyndu á þeim forsendum að það væri mögulega hægt að selja næsta tómataframleiðanda þetta á hærra verði af því að hann vissi ekki hvað Geo-Greenhouse væri að borga fyrir orkuna. Það finnst mér bara ósanngjarnt, mér finnst það ósanngjarnt að fólk geti ekki vitað hvað hlutirnir eiga að kosta. Auðvitað á að vera bara gagnsætt og lýðræðislegt og opið ferli í viðskiptum eins og öðru. Og í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Vinstri grænna segir einmitt: „Stuðlað verði að gagnsæi í orkusölusamningum og leitað leiða til að aflétta leynd af orkuverði til erlendra stóriðjufyrirtækja. Stefnt verði að jafnræði í verðlagningu raforku í ólíkum atvinnugreinum.“ Þetta snýst einmitt um jafnræði, þetta snýst um það að ef við erum sátt við verðið sem við erum að selja orkuna á til Geo-Greenhouse, þá að sjálfsögðu eigum við að selja næsta tómatabónnda það á sama verði. Ef arðsemiskrafan breytist í millitíðinni, þá hljótum við að geta rökstutt það af hverju það þarf að vera hærra. Rökstuðningurinn á að liggja hjá okkur eða krafan um rökstuðning á að liggja hjá okkur.

Efnislega er þetta mál sem ég vil mjög gjarnan heyra skoðanir meirihlutans á. Ég vil heyra hvað meirihlutanum finnst um það að gera samning um raforkusölu sem um ríkir leynd árið 2011 og ég vil heyra hvað meirihlutanum finnst um það. Ég hef svo sem séð bókun meirihlutans um Bitru en ég vil vita hvað meirihlutanum finnst um það að stjórn Orkuveitunnar skuli ekki hafa haft skoðanir í þessu máli. Ég vil sem sagt fá fram skoðunina varðandi raforkusölusamninginn, hvort hann eigi að vera leynilegur eða ekki, og ég vil vita hvað meirihlutanum finnst um það að þeirra fulltrúar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur iðki störf sín með þessum hætti.

Bstj. 30. nóvember 2011

Ég velti því nefnilega fyrir mér. Ég hef lengi verið að reyna að velta því fyrir mér af hverju í ósköpunum Samfylkingin vill hafa þetta með þessum hætti. Af hverju vill Samfylkingin hafa „faglega fulltrúa“ innan gæsalappa í stjórn Orkuveitunnar? Ein hugmyndin er sú að Samfylkingin vilji geta talað fyrir mjög róttækri og djarfri stefnu í umhverfismálum, vilji getað talað fyrir því fyrir kosningar að það eigi að vernda Bitru og að raforkuverð verði að vera uppi á borðum og svo framvegis og svo framvegis, en Samfylkingin sé kannski ekkert rosalega spennt fyrir því að standa við stóru orðin og það hefur nú komið fyrir að Samfylkingin hefur kannski ekki alveg aktað eins og hún hefur sagst ætla. Ég myndi mjög gjarnan vilja heyra það hvort þetta geti mögulega verið skýringin. Er það það að Samfylkingin vill ekki vera pólitísk í þessum efnum, lítur Samfylkingin ekki á umhverfismál sem pólitík, orkumál sem pólitík, viðskiptahætti í orkumálum sem pólitík.

Allavega, ég ætla að ljúka máli mínu hér. Ég óska eftir því að fulltrúar meirihlutans, bæði fulltrúar Besta flokks og Samfylkingar, svari þessu og svari því svo jafnframt hvort það sé kannski ekki bara tímabært að endurskoða það hvort þarna eigi að sitja faglegir fulltrúar vegna þess að þarna eru teknar ákvarðanir, eins og sagan sýnir sem eru rammpólitískar og mjög mikilvægt að þeim sé ekki klúðrað.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Og hefur Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

Bstj. 30. nóvember 2011

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég blanda mér kannski í efnislega umræðu hérna á eftir en ég get ekki orða bundist með upplegg að þessari umræðu hjá borgarfulltrúanum sem var það að við hefðum nú fyrir augunum tvö dæmi þess að stjórn Orkuveitunnar hefði orðið mislagðar hendur við ákvarðanatöku, eins og borgarfulltrúinn orðaði það. Er það vissulega svo þegar borgarfulltrúinn horfir yfir síðustu ár við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að það eru fyrst og fremst þessi tvö dæmi sem koma upp í hugann varðandi ákvarðanir sem hefðu mátt vera öðruvísi? Vegna þess að það sem borgarfulltrúinn var að leggja út af var að þessi tvö stóru dæmi sönnuðu það að það væri miklu betra að það væru bara kjörnir fulltrúar sem ættu sæti í stjórn Orkuveitunnar.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég sagði ekki mislagðar hendur. Þessi tvö dæmi eru til marks um tengslaleysi á milli meirihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur og meirihluta stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Allskonar tengslaleysi hefur átt sér stað og ég er alveg á því að Orkuveita Reykjavíkur hefur verið alltof fjarri kjörnum fulltrúum, alveg sama, bæði þegar þar hafa verið faglegir fulltrúar eða pólitískir á hinum ýmsu tímapunntum og undir hinum ýmsu meirihlutum. En lausnin á því er ekki að lengja bilið. Lausnin er ekki að tilnefna þarna inn fulltrúa sem vilja ekki einu sinni bendla sig við pólitík. Lausnin á því er að hnýta enn frekar saman þá fulltrúa sem sitja í stjórn Orkuveitunnar og þá fulltrúa sem sitja í Borgarstjórn Reykjavíkur og helst af öllu eiga það að vera sömu aðilarnir, þannig að ekki geti komið hér inn í þennan sal, þar sem fulltrúar borgarbúa sitja, og svarað fyrir það sem þau eru að gera.

Hér í þessum sal situr ekki Haraldur Flosi ... Tryggvason eða ... þau hin sem sitja í stjórn Orkuveitunnar og ég man ekki full nöfn á, þau geta ekki svarað fyrir það sem þau eru að gera hérna. En við eigum, sem kjörnir fulltrúar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, að svara fyrir það gagnvart þeim 15 borgarfulltrúum sem hér sitja í umboði almennings hvað við erum að gera. Og ef þau eru ekki til staðar, þá verður borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og hinir fulltrúar meirihlutans að geta svarað fyrir það og þau svör hef ég ekki fengið enn.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að svara andsvari. Þá veiti borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvar öðru sinni.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Við höfum rætt þetta mál hérna áður og það er ágætt að ræða það, en ég fer ekkert ofan af því að það að nefna þessi tvö dæmi til sögunnar og gleyma að hafa til hliðsjónar öll önnur dæmi sem hægt var að nefna um ákvarðanir sem ekki hafi farið svo vel sé afar óheppilegt upplegg fyrir umræðuna ef að maður hefur þá skoðun sem borgarfulltrúinn hefur, afar óheppilegt upplegg til þess að rökstyðja þá skoðun. Því það er hlutverk okkar hér í þessum sal að bera ábyrgð á stefnunni og eftirliti. Við höfum ekki hingað til haft þann umbúnað að við getum rækt það hlutverk til fulls, ég get fallist á það, og þess vegna höfum við verið að vinna að eigendastefnu og leikreglum um hvernig þessi samskipti eiga að vera.

En ég vil þó ekki láta hjá líða í þessum svörum og andsvörum að undirstrika að ég held að sú borgarstjórn sem núna situr hafi verið betur inni í fjármálum, vanda, viðfangsefnum og síðan aðgerðaáætlun til þess að finna lausn á þeim vanda heldur en borgarstjórnir líklega nokkurn tíma. Vegna þess að við tókum þessi mál ekki bara inn í borgarráð þegar á þurfti að halda heldur kölluðum líka til alla kjörna fulltrúa í miklum trúnaði, gerðum þá að innherjum samkvæmt þeim reglum sem um það gilda og sá trúnaður hékk. Og það held ég að sé borgarstjórn til sóma, þannig höfum við einmitt sýnt að þetta fyrirkomulag getur virkað; líka á krísutímum sem skiptir líka máli í þessari umræðu.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 30. nóvember 2011

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég skil þetta ekki alveg. Ég skil ekki hvað er svona óheppilegt við að nefna þessi tvö dæmi. Það er ekkert óheppilegt fyrir mig, sko, mér finnst bara fínt að ræða þetta. Ég skil ekki hvað það er sem er svona óheppilegt við það að ræða þessi tvö mál þar sem mínu mati hefur verið farið gegn stefnu meirihlutans af hálfu stjórnar, fulltrúum meirihlutans í stjórn. Hvað er svona óheppilegt við það? Ég gæti alveg farið að ræða hér um Hauk Leósson eða Vilhjálm Vilhjálmsson, ég hef bara ekkert með þá að gera, þeir eru löngu hættir í stjórn Orkuveitunnar eða borgarstjórn. Við sitjum uppi með Orkuveituna eins og hún er. Það eru ákveðnir aðilar þarna í stjórn og það sem ég vil ræða eru tengslin á milli borgarstjórnar og stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og það hvernig við getum tryggt að sú stefna sem kjósendur héldu að þeir væru að kjósa yrði iðkuð af hálfu stjórnar Orkuveitunnar. Og ég held að við ættum bara að vinda okkur í það umræðuefni áður en við höldum áfram að tala um hvað er óheppilegt og þá fyrir hvern.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að svara andsvari öðru sinni. Næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

Bstj. 30. nóvember 2011

4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Sko, varðandi stjórn Orkuveitunnar og þessa umræðu sem borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir vekur hér máls á og við höfum oft rætt þetta áður og ég hef svo sem sagt mína skoðun á því hvað mér finnst um það fyrirkomulag og ég tel ekki neitt annaðhvort/eða fyrirkomulag, að það sé faglega skipuð stjórn eða pólitísk stjórn, ég tel það ekki tryggja neina fullkomnun í sjálfu sér. En sko, ég tel þá stjórn sem er í Orkuveitunni, stjórn Orkuveitunnar, hafa staðið sig gríðarlega vel og ég sem sagt met það ekki þannig að það sé sko endilega bara af faglegum ástæðum en ekki pólitískum, vegna þess að mér finnst borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir líka standa sig mjög vel í stjórn Orkuveitunnar og vera mjög vel inni í öllu sem þar gerist.

Varðandi þetta tiltekna gróðurhús þarna á Hellisheiði, þá samkvæmt mínum upplýsingum eru þrjár tegundir af samningum sem Orkuveitan gerir, og það er við heimili, fyrirtæki og stóriðju. Og þessi tiltekni samningur fellur undir fyrirtækjasamning og mér skilst að um þá samninga ríki yfirleitt leynd, vegna þess að útaf samkeppnissjónarmiðum að fyrirtæki vilji geta leitað að hagstæðasta verði. En mér finnst full ástæða til þess að ræða það og skoða og líka velta því upp, á Orkuveitan að vera á samkeppnismarkaði eða á hún bara vera með flata gjaldskrá? Og mér finnst bara mjög verðugt, vert að ræða það. En sko, af því að borgarfulltrúinn kallar nú eftir sem sagt áherslum eða stefnu eða skoðunum í rekstrarformi Orkuveitunnar, þá myndi ég hallast að því að best væri einhverskonar blanda af pólitík og þessari svokölluðu faglegu stjórn, það væri einhverskonar kokteill af hvoru tveggja. En svo held ég líka að það geti bara verið mjög mismunandi. Ég held að aðstæður geti alveg verið þannig að pólitísk stjórn geti verið alveg jafngóð og fagleg stjórn. Og svo held ég líka að aðstæður geti verið þannig að fagleg stjórn sé kannski ákjósanlegri heldur en ... faglegar áherslur séu ákjósanlegri heldur en pólitískar. En ég bara fagna þessari umræðu. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarstjóra.

Bstj. 30. nóvember 2011

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er rétt sem borgarstjóri sagði að þetta flokkast víst undir svokallaðan fyrirtækjasamning og um þá ríkir yfirleitt leynd. Það ríkir líka yfirleitt leynd um samninga við stóriðju og það er yfirleitt líka ýmislegt slæmt að gerast í samfélaginu. Yfirleitt er ekki ástæða fyrir því að halda einhverju áfram. Ef við viljum í alvörunni gagnsærri og heiðarlegri vinnubrögð, þá breytum við. Við erum í pólitík til þess að breyta. Við höfum tækifæri til þess að breyta. Þarna höfðum við tækifæri vegna þess að samningsaðilinn setti sig ekki upp á móti þessu. En fulltrúar meirihlutans höfðu ekki kjark til að breyta. Eða sannfæringu, ég veit það ekki og það er það sem ég er að leita eftir upplýsingum um hér í dag. Það sem mér heyrðist borgarstjóri segja áðan um að faglegar ákvarðanir væru yfirleitt betri heldur en pólitískar, nei, ókei þá ætla ég að sleppa því.

En allavega vil ég þó segja að ég hef aldrei séð nokkurn mann taka faglega ákvörðun sem ekki byggir líka á pólitískum skoðunum. Það er ekki til neitt sem heitir faglegt án pólitíkur. Allt lífið er pólitík. Alls staðar þar sem við erum og jafnvel þegar við kaupum okkur föt, þá erum við að stunda pólitík. Við erum alltaf að stunda pólitík. Öll faglegheit eru háð okkar pólitísku skoðunum á þeim viðfangsefnum sem við erum að fást við hverju sinni. Þannig að ég held að það sé bara ágætt að láta pólitískar skoðanir koma fram og svo byggjum við ákvarðanir okkar á þeim skoðunum sem og faglegum ráðleggingum og upplýsingum sem við eigum að kynna okkur og taka afstöðu út frá.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að veita andsvar. Og þá er næstur á mælendaskrá borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur fyrir að taka þetta mál á dagskrá og án þess að ég ætli að blanda mér mjög mikið í þau dæmi sem hún nefnir, þá held ég samt að þau séu dæmi um eitthvað sem við höfum auðvitað rætt um hér mjög oft og mjög lengi. Og auðvitað, eins og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi bendir á, þá höfum við oft lent í ákveðnum vandræðum með það að vera viss eða geta verið viss um það að fulltrúar sem sitja í stjórn Orkuveitunnar séu alfarið að fara eftir vilja kjörinna fulltrúa og þar með talið vilja almennings.

Og þetta er auðvitað það sem hefur verið rætt hér um á þessum vettvangi svo lengi sem elstu menn muna. Það var rætt um það í tíð Alfreðs Þorsteinssonar mjög oft og mjög lengi hér á þessum vettvangi enda var það á þeim tímum þegar Orkuveitan tók algjörum eðlisbreytingum í sinni starfsemi og svo var auðvitað rætt um þetta meira og minna allt síðasta kjörtímabil og aftur erum við að ræða þetta núna, vegna þess að málið er mikilvægt og það er alveg hárrétt sem borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir segir, þó svo að við séum ekki sammála um nýtingu auðlinda, við séum ekki sammála um hvað eigi að vera í opinberum rekstri og hvað skuli vera í einkarekstri, við séum hjartanlega ósammála um afar margt sem tengist málum er lúta að grunnhugsuninni á bak við Orkuveitu Reykjavíkur, þá held ég að við getum öll verið sammála um það, að á meðan hún er í eigu hins opinbera meðan hún er þar nú, þá lýtur hún ákveðnum lögmaálum sem eru þess eðlis.

Og það var til dæmis það sem gerðist í kringum REI-málið, að það var að Orkuveitan og stjórnendur Orkuveitunnar og við munum það öll sem vorum hér þá og vorum oft að ræða það hér í þessum sal og það var helsta niðurstaða okkar í kringum REI-málið að Orkuveitan virtist ekki átta sig á því hvort hún væri að starfa á einkaréttarlegu sviði eða opinberu. Og það er þetta vandamál sem við tökumst stöðugt á við. Ég vil hinsvegar taka undir það og ég fagna því sem fram kom í máli borgarstjóra hér áðan og ég hef talað fyrir því mjög lengi hér á þessum vettvangi og vona að það verði niðurstaða okkar í eigendaneftinni, að það sé farin svokölluð, við getum kallað það blandaða leið eða hvaða orð við viljum gefa

Bstj. 30. nóvember 2011

Því sem er það að það sé í höndum hvers og eins framboðs eða hvers og eins stjórn málafls sem skipar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að ráða því hvort það eru skipaðir kjörnir fulltrúar eða svokallaðir fagaðilar.

Þetta fagaðilanafn er náttúrulega svolítið sérkennilegt, það eru annarsvegar sem sagt kjörnir fulltrúar eða aðilar sem standa utan við þann hóp. Ég segi eins og borgarstjóri; mér finnst ekkert vera af eða á í þessu. Ég er ekkert viss um að stjórnin væri alveg fullkomin ef hún væri skipuð svokölluðum fagaðilum eða ef hún væri bara skipuð fólki úr pólitíkinni, en mér finnst að hver og einn eigi að ákveða þetta. Og ég held til dæmis að stjórnin í dag og fyrri stjórnir margar sýni það að það virkar ágætlega. Það virkar ekkert illa þó að það séu kjörnir fulltrúar í bland við aðila sem koma að utan að, það þarf ekkert að vera ein algild regla í því, en ég held að það geti virkað ágætlega fyrir okkur.

Ég held líka að það geti verið ákveðin svona leið fyrir okkur til þess að hafa sátt um málið og til þess að tryggja það sem Sóley Tómasdóttir nefnir og ég held að það skipti líka máli. Það er til dæmis gott fyrir okkur hér á vettvangi borgarstjórnar að hér með okkur séu aðilar sem sitja í stjórn Orkuveitunnar, það er farsælt að við getum rætt málefnið og það sé einhver á þessum vettvangi sem situr þessa stjórnarfundir. Það skiptir máli og það skiptir líka máli inni í borgarráði, þannig að mér finnst að við megum heldur ekki vanmeta það. Mestu skiptir að þetta sé vandað fólk sem skilur tilgang þessa fyrirtækis og fer með það á þann stað sem við teljum í umboði kjósenda að sé farsælast. Þannig að ég vona að við lendum því þannig og ég held að það sé forsenda fyrir því að okkur takist áfram ágætlega.

Ég vil líka aðeins, vegna þess sem Dagur B. Eggertsson nefndi, þegar hann sagði að honum þætti furðulegt af borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur að koma hér upp og nefna þessi dæmi sem eitthvað dæmi um eitthvað hrikalegt, því það væru svo mörg önnur dæmi. Ég held að við eigum að passa okkur aðeins á því, ég gæti staðið hér upp og sagt; minn flokkur hefur aldrei gert neitt rangt í Orkuveitu Reykjavíkur, einfaldlega vegna þess að þetta var allt Alfreð Þorsteinssyni að kenna. Dagur getur með sama hætti komið upp og sagt; það þarf ekki að ræða þessi tvö dæmi sem eru núna í gangi vegna þess að það sem gerðist hér í tíð fyrri

Bstj. 30. nóvember 2011

meirihluta eða þar síðasta eða þar, þar síðasta meirihluta var heldur ekkert sérstaklega gott.

Ég held að allir flokkar, allir flokkar sem hafa komið nálægt Orkuveitu Reykjavíkur hafi, og líka Besti flokkurinn, allir flokkar sem með einhverjum hætti hafa komið að verkefnum Orkuveitu Reykjavíkur hafi með einum eða öðrum hætti misstigið sig. Og það er ekki endilega vegna eðlis stjórn málaflokkanna eða eðlis þeirra sem þar hafa valist, það er vegna þess, eins og borgarstjóri talaði um áðan, þeirrar spurningar eigum við að spyrja, það er vegna þess að fyrirtækið er að fást við hluti sem við eigum ekki að vera að fást við. Það er ástæðan. Fyrirtækið er of stórt, efnahagsreikningurinn alltof umfangsmikill, fyrirtækið einfaldlega passar ekki sem rekstrareining inn í samstæðuna Reykjavík og það er ástæðan fyrir því.

Og það er alveg sama hver kemur þangað inn að það verður einhver sú atburðarrás sem við ráðum illa við og þetta vitum við og verðum að horfast í augu við. Og þess vegna ætla ég ekki að reyna að afsaka hluti sem gerðust hér í tíð Sjálfstæðisflokksins, ég held að margt hefði mátt betur fara, en ég held að það eigi við um alla flokka sem hafa komið nálægt Orkuveitu Reykjavíkur og ég held að það sé grunnspurningin; hvornig setjum við þetta fyrirtæki á þann stað að við séum ekki stöðugt að misstíga okkur í því? Vegna þess að stjórn málin, við erum ekki valin inn á þennan vettvang eða opinberan vettvang til þess að reka fyrirtæki, það er grundvallarmisskilningur í málinu. Og þegar Orkuveitan verður einhvern tímann, vonandi í sem næstri framtíð, orðin bara eitt af þessum fyrirtækjum eins og Faxaflóahafnir, hér horfi ég á stjórnarformann Faxaflóahafna, sem er ekki alltaf að vandræðast við að væflast með mál sem eru bara alltof umfangsmikil fyrir það sem við eigum að vera að takast á við, þá fyrst verðum við komin á þann stað gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur að við getum sagt að þetta er í betra lagi.

Og ég held af því menn ... allt lýtur þetta auðvitað að því að við stöndum frammi fyrir ákveðnum veruleika gagnvart Orkuveitunni. Og ég tek undir það þrátt fyrir að ég hafi ekki verið sátt við margt sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur gert, vegna þess að ég hefði farið aðra leið, þá held ég að það hafi margt verið vel gert. Ég hef stutt margt af þessum aðgerðum og hefði lagt áherslu á þær sjálf ef ég hefði verið í aðstöðu til þess, en mér finnst líka að menn hafi farið þarna ákveðnar rangar leiðir og þá á ég helst við hækkun á gjaldskrá og ég á líka við það að ég

Bstj. 30. nóvember 2011

hefði reynt að gæta þess og það er alveg rétt hjá Degi B. Eggertssyni þegar hann segir, ekki þar fyrir að ég var nú gagnrýnd mjög harkalega fyrir það sem borgarstjóri á sínum tíma, sérstaklega þá af stjórnendum Orkuveitunnar, svo það sé bara sagt hér, að héðan var varla send út fréttatilkynning um fjármál borgarinnar öðruvísi en að það stæði neðst í fréttatilkynningunni: Vakin er athygli á því að Orkuveita Reykjavíkur skuldar 240 milljarða. Og þetta var mjög mikið gagnrýnt og ég var gagnrýnd fyrir það líka af hálfu stjórnenda Orkuveitunnar að fara í sjónvarpsþætti fyrir kosningar og alltaf nefna það að Orkuveitan skuldaði 240 milljarða. Vegna þess að mér fannst mér bera skylda til þess að gera það og að það ætti að gera það þannig. En það var eitthvað sem var mjög brýn áhersla lögð á við okkur eftir hrunið, þegar allt er í þessari brjáluðu óvissu, að við værum að ávarpa hlutina fyrst gagnvart lánardrottnum og reyna að semja við þá um lánin til þess að við værum ekki að lenda í því sem við stöndum núna frammi fyrir sem er það að við erum að skila tapi á rekstri, ekki vegna þess að fyrirtækið sé svo illa rekið, heldur vegna þess að gengisþróunin er okkur svo ofboðslega óhagstæð að menn töldu þá að eina lausnin sem í boði væri væri sú að endursemjja um lán þannig að við værum ekki svona háð þessum sveiflum í gengi og menn töldu að það mundi takast.

Og síðan auðvitað tók hér við nýr meirihluti og ég ætla heldur ekkert að vera hér í einhverjum leik með það að það sé allt þeim að kenna, það er ekki þannig. Þetta bara spilast með ákveðnum hætti, en fyrst og síðast held ég að við verðum að gæta að því og það eiga allir að eiga það sem þeir eiga í því, þrátt fyrir allt sem á undan er gengið. Þrátt fyrir þá stöðu sem Orkuveitan var komin í, þrátt fyrir að Orkuveitan hafi skuldað 120 milljarða við hrun og á einni nóttu hafi lánin aukist um helming tæpan, næstum því yfir nóttu, og hér voru auðvitað stöðugir og það vita það allir og fjármálastjóri fór þar fremstur í flokki og hann á miklar þakkir skildar fyrir það að hafa verið með okkur í því að reyna að vakta fyrirtæki, þá er það í raun og veru til þess að segja hverja sögu eins og hún er. Fyrirtækinu var ekki bjargað þegar menn hlupu upp á Bitruháls einhvern tíma fyrir nokkrum mánuðum síðan. Fyrirtækinu var heldur ekki bjargað þegar við söfnuðum 12 milljörðum, sem við gerðum. Fyrirtækinu var heldur ekki bjargað með einstaka aðgerðum. En með samfellu í því sem við höfum verið að gera frá því hrunið varð

Bstj. 30. nóvember 2011

hefur okkur tekist að halda fyrirtækinu á floti og það var aldrei sjálfgefið, ekki einn einasta dag frá hruni hefur það verið sjálfgefið.

Þannig að mér finnst að um leið og við getum staðið hér og ég er svo sammála því að Orkuveitan hefur verið bara okkur mjög erfið og ég er ekki á því að það sé vegna þess endilega hverjir hafi setið þar, heldur hvernig fyrirtækið er orðið að umfangi og ég held að fyrr en við þorum að spyrja þessarar spurningar sem borgarstjóri spurði áðan: Eigum við að vera að takast á við það að selja stórnotendum, eigum við að takast á við það að vera í samkeppnisrekstri eða eigum við bara að segja: nei, við ætlum bara að vera að selja þessar brýnustu nauðsynjar til íbúa sem eru á okkar svæði, punktur, búið og basta? Og ég held að fyrr en okkur tekst það þá verði þetta fyrirtæki alltaf einhvern veginn allt umlykjandi, alltof stórt. Ég meina að við erum að reka hér borgarsjóð fyrir í kringum 60 milljarða til eða frá eftir því hvernig staðan er og við erum með fyrirtæki sem skuldar 240 milljarða. Það sér það hver heilvita maður að það gengur ekki upp.

Þannig að mér finnst það vera brýnasta verkefnið og ég mun aldrei nálgast það þannig að kenna þessum meirihluta um það með einhverjum hætti, um allt eða ekkert í Orkuveitu Reykjavíkur, ég held að það sé búið að vera ... að hluta til hefur þetta verið erfitt, að öðru leyti hefur okkur tekist, eins og ég segi og það er í raun og veru makalaust að það hefur tekist að koma fyrirtækinu í gegnum þetta á sínum tíma og líka að það sé ennþá verið að glíma við það. Og mér finnst nú margt í rekstrinum horfa til betri vegar og það er gott að það er farið að skila árangri. En ég held að í staðinn fyrir stöðugt að gera, eins og Dagur B. Eggertsson sagði; ég skil ekki af hverju við erum að ræða það að Sóley Tómasdóttir sé ósátt við ákveðna afgreiðslu í Orkuveitu Reykjavíkur vegna þess að svo margt gerðist hér í fortíðinni sem var miklu verra. Ég get alveg tekið undir það en það breytir því ekki að við höldum áfram að taka samtalið um Orkuveitu Reykjavíkur og ég held að við eigum að taka samtalið, eins og við erum að reyna að gera kannski hér, hvert viljum við fara með þetta fyrirtæki. Og ég held að ef þessari borgarstjórn mundi takast það verkefni sameiginlega þá væri til einhvers unnið. Og það væri mikill árangur og mikið afrek að okkur takist. En okkur tekst það

Bstj. 30. nóvember 2011

aldrei nema við gerum það í sameiningu og okkur tekst það aldrei nema við höfum örlitla trú hvort á öðru í verkefninu.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla svo sem ekki að gera stórmál úr því en ég vil samt segja það hér vegna þess að mér finnst leiðinlegt að heyra borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur tala um að fulltrúar allra flokka hafi misstigið sig í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Það getur vel verið að við höfum einhvern tímann ekki verið undirbúin eða einhvern tímann ekki gert eitthvað sem við hefðum getað gert betur, við Vinstri græn. En ég stend þó á því fastar en fótunum að fulltrúar Vinstri grænna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafa alltaf verið mjög staðfastir og einarðir í sinni stefnu inni í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og ég fellst ekki á það að þar hafi verið gerð einhver stórmistök af hálfu fulltrúa Vinstri grænna í gegnum tíðina.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, mér líður alltaf þegar ég kem í þennan ræðustól núna, eins og ég sé einhvern veginn óvenjulega hávaxin – látum það vera. Ég ætla heldur ekki að fara í þennan slag, ég vil þó minna borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur á það með fullri virðingu fyrir Vinstri grænum, að Vinstri grænir voru aðilar að R-listanum. Vinstri grænir báru jafnmikla ábyrgð á Alfreð Þorsteinssyni og hans verkum og hans aðgerðum eins og Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin á sínum tíma. Og þrátt fyrir að þær aðgerðir margar hafi verið samþykktar af öllum í stjórn, þá voru það engu að síður aðgerðir sem við horfum til baka núna og segjum; var þetta endilega rétt að gera þetta svona?

Og ég vil líka minna á það vegna þess að það er enginn heilagur í þessu að til dæmis í allri þessari orrahríð og átökum sem hér urðu í kringum REI þegar sprakk heill meirihluti vegna þess að þarna ... og ég ætla ekki heldur að fara í söguskýringuna á því, hver hefur sína sýn á því hvernig það nákvæmlega gerist og það væri að æra óstöðugan að fara þangað eina ferðina enn, að meira að segja fulltrúi Vinstri grænna sem þó vann mjög ötullega að málinu og var sú eina sem á sínum tíma sat hjá í afgreiðslunni, meira að segja um morguninn fyrir þann fund hafði sá fulltrúi ekki fullar forsendur til þess að segja sig frá málinu eða að vera á móti því – skilurðu. Þannig að við vorum öll á þeim stað að vera einhvern veginn upplýst með þeim hætti, ég er ekki að segja að það hafi valdið einhverju því innræti að viðkomandi vildi endilega rjúka til og fara í þessi verkefni. En viðkomandi var samt staddur á þeim stað að vera ekki einu sinni viss um það að það væri rétt ákvörðun og það er það sem ég á við þegar ég segi; ég held að Orkuveita Reykjavíkur sé löngu komin einhvern veginn yfir það að við almennilega ráðum við hana. Og ég man eftir samtölum í kringum REI þar sem borgarfulltrúar sögðu; hvernig í ósköpunum ætti ég að hafa forsendur til að meta hvað er rétt eða rangt í þessu máli? Og það held ég að gerist vegna þess að í því tilviki eins og í mörgum öðrum var Orkuveita Reykjavíkur komin inn á verksvið sem hún átti ekkert erindi inn á – ekkert.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við það að svara andsvari. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Einar Örn Benediktsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þá hlýtur mér að líða eins og ég sé rosalega smávaxinn – hvar er þessi takki? Mér líður eins og ég sé smávaxinn. En ég kem hér upp til aðeins að ræða þessi orkuveitumál. Ég þakka borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur fyrir að vekja athygli á þessari afgreiðslu sem var upphafið að þessari umræðu. En ég vil eiginlega ítreka það að það er fullur stuðningur Besta flokksins og meirihlutans við þá fulltrúa sem eru þarna í stjórn í þeim gjörðum sem hafa verið. Og í framhaldi af þessu að þá lít ég mjög til þessarar eigendastefnu sem er verið að koma saman því að hún verður þá einhver grunnur sem er hægt að vinna eftir og ég er sammála Hönnu Birnu Kristjánsdóttur með að, og borgarstjóra reyndar líka, að kannski á Orkuveitan ekkert að vera á samkeppnismarkaði og þar eiginlega bara situr.

Ég hef leitað eftir upplýsingum þegar og reynt að fylgjast með því sem Orkuveitan er að gera hverju sinni og ég held að það séu allir meðvitaðir í meirihlutanum um okkar fulltrúa þarna í stjórn og við fáum uppfærslur frá okkar fulltrúum í stjórn hvað er í gangi og kannski þessi afgreiðsla með þetta sérstaka gróðurhús, hvort raforkuverð sé opinbert eða ekki að þetta er ekki stóriðja og sem betur fer var þetta ekki stóriðja og við erum ekki að fara út í fleiri stóriðjuframkvæmdir þarna í bili, að þá tek ég því bara fagnandi að það komi einhver annar með nýjar hugmyndir um hvað er hægt að gera við þá orku sem er nú þegar til staðar. Takk.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

Bstj. 30. nóvember 2011

4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Oddný Sturludóttir: Frú forseti og virðulega borgarstjórn. Ég kem hér upp til þess að taka undir með borgarfulltrúa Einari Erni Benediktssyni. Ég fagna þessari umræðu. Mér finnst mjög margt gott hafa komið fram í henni. Tek undir það að auðvitað er það engin töfralausn hvort sem er að í stjórn Orkuveitunnar sitji kjörnir fulltrúa eða fólk sem stjórnmalaflokkarnir hér í borg skipa sem sína trúnaðarmenn og að sjálfsögðu lúta þeir þeirri eigendastefnu sem er mótuð hverju sinni. Það skiptir auðvitað öllu máli að tengslin séu góð, það þykir mér hafa verið uppi. Við höfum tekist á við snúin og erfið verkefni í Orkuveitu Reykjavíkur frá því að efnahagshrunið varð og kannski sérstaklega með tilurð aðgerðaáætlunarinnar sem við samþykktum í borgarráði nýverið og þeim erfiðu aðgerðum sem var farið í hér sumarið eftir kosningasumarið 2010.

Ég held að það hafi þá sannast að það sé allsendis ekki slæmt að hafa þar fulltrúa með víðtæka reynslu og þekkingu til þess að sitja í stjórn Orkuveitunnar en ekki endilega borgarfulltrúa sjálfa, en finnst í raun stjórn Orkuveitunnar í heild sinni hafa staðið sig ágætlega og þar sitja auðvitað í bland bæði kjörnir fulltrúar sem og fólk með allrahandu þekkingu sem stjórnmalaflokkarnir hafa skipað í stjórnina. En ég hef verið ánægð með upplýsingaflæðið, borgarráð hefur auðvitað verið mjög vel upplýst um stöðu mála, það hefur verið mjög farsælt fyrir fyrirtækið að borgarfulltrúar allir hafi verið svona nokkuð sáttir um þær aðgerðir sem þurfti að fara í þó svo að okkur sennilega greint á um einstaka þætti, til að mynda gjaldskrárhækkanir, eins og komið hefur margoft fram. En tel fyrst og síðast stjórn Orkuveitunnar vel mannaða og treysti henni til allra góðra verka hér eftir sem hingað til.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætlaði nú ekki að fara að lengja umræðuna eitthvað, en svo hugsaði ég jú, jú, ég geri það bara. Það er kominn svona kvöldúlfur í mann. Vegna þessarar umræðu og ég get ekki að því gert, ég fer alltaf að hugsa til, þegar við ræðum um rekstrarfyrirkomulag Orkuveitunnar, þá fer ég ósjálfrátt að hugsa til RÚV eða Ríkisútvarpsins og rekstursins á því, vegna þess að ég hef kynnst því á eigin skinni og þar er eins og flestir vita er pólitískt skipuð stjórn, það er hefð fyrir því að skipa pólitískt í stjórn Ríkisútvarpsins og þar er til dæmis virðist ekki vera gerð sú krafa til fólks að það hafi þekkingu eða áhuga á sjónvarpi yfirhöfuð og það skín svo einhvern veginn í gegn og kemur svo á skjáinn hjá okkur, það áhugaleysi. En þar með er ég alls ekki, bara þannig að það sé á hreinu, þar er ég alls ekki að gagnrýna rekstrarfyrirkomulagið per se og ég er ekki að segja; já, þetta bara gengur ekki, það þarf bara að einkavæða RÚV, ég er alls ekki að segja það.

En ef að væri sko minnsta kosti hérna helmingur stjórnarmanna, vonandi meira, hefði áhuga á sjónvarpi ég held að það væri til mikilla bóta og þetta fyrirtæki heitir eða semsagt er kallað sameign þjóðarinnar og þarna finnst mér þetta kannski ekki spurning um svona tæknilega útfærsluna, hvort að það er ohf. eða ehf. eða ihf. eða hvað þetta heitir, heldur fyrst og fremst bara áhuginn og að það sé einhvern veginn tryggt og ástríðan fyrir því sem maður er að gera. Og sama finnst mér eiga við um Orkuveituna og af því að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir virtist vera í einhverjum vafa um það hvað mér fyndist, að mér fyndist að það ætti að vera bara fagleg stjórn eða bara pólitísk, mér finnst það ekkert vera annað hvort eða. Mér finnst að það eigi að vera bara beggja blands og helst bara fólk sem hefur ástríðu fyrir því sem það er að gera, eins og borgarfulltrúinn sjálfur hefur. Og ég er mjög þakklátur fyrir það að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir skuli sitja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og ég er mjög þakklátur fyrir það að Haraldur Flosi Tryggvason skuli sitja þar líka. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki ... jú, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur óskað eftir að taka til máls.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þetta er kannski ekki mjög löng umræða en ágæt þó. Mér skilst, en ég var svo sem ekkert að bíða eftir því að hér yrði lýst yfir vantrausti á fulltrúa meirihlutans í stjórn Orkuveitunnar, ég var ekkert endilega að gera ráð fyrir því, ég vildi bara ræða þetta mál út frá því sem gerst hefur og mér sýnist sem meirihlutinn geri engar athugasemdir við þetta og telji ekki þörf á neinni endurskoðun á málinu. Gott og vel, þá hef ég fengið svör við því. Ég er líka ánægð með að við skulum vera að vinna að eigendastefnu, við ættum nú reyndar að vera búin með hana en hún samt sem áður tekur ekki á öllum þeim pólitísku viðfangsefnum sem stjórnin getur þurft að taka á. Hún til dæmis kveður ekkert á um það hvernig við skulum fara með umsagnir um lagafrumvörp sem þó eru öll í eðli sínu pólitísk og svona gæti ég haldið lengi áfram, þannig að alltaf erum við að fást við pólitísk viðfangsefni og við verðum að hafa fólk í þessari stjórn sem getur tekist á við þau alveg eins og rekstrarfyrirkomulagið eða hagræðingaraðgerðir eða hvað það er.

Hitt aftur á móti með leyndina á raforkusölusamningnum, alveg sama hvort hann er til stóriðju eða fyrirtækja, hef ég ekki fengið almennileg svör við. Ég tek eftir því að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur ekkert tekið þátt í umræðunni efnislega. Hann kom hér upp til þess að fara yfir það hversu asnalegt það væri að tala um málið útfrá því sem ég hafði gert, en hann hefur ekki sagt mér hver hans efnislega skoðun er á raforkusölusamningunum og hvort leynd eigi að ríkja á þeim. Ekki heldur sagði borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir sína skoðun í því máli og borgarstjórinn hefur ekki heldur sagt hvað honum finnst um þetta. Hann hefur sagt að það sé yfirleitt þannig að það ríki leynd yfir samningum til fyrirtækja, en hver skoðun þessara borgarfulltrúar sem hingað upp hafa komið er á málinu er ennþá á huldu. Og ég bið ykkur, borgarfulltrúar kærir, um að koma hér upp og segja mér hvort þið munið, samningurinn er gerður, en hvort þið munið beita ykkur fyrir því að næsti samningur sem gerður verður við fyrirtæki verði uppi á borðum eða ekki, það þarf ég að fá að vita. Og ég óska eftir því að þið komið hér upp og segið mér frá því. Og ég óska eftir því að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson taki þátt efnislega í umræðunni, eins og hann boðaði í fyrsta andsvari sínu hér áðan.

Bstj. 30. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

Bstj. 30. nóvember 2011

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Einar Örn Benediktsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég persónulega sé ekkert að því að svona raforkuverð sé gefið upp og ég held að það séu þau vinnubrögð sem eigi að líta dagsins ljós, þannig að þau verði lýðnum ljós að við sjáum hvað er í gangi ef það skiptir höfuðmáli. Ég veit ekki hvort að það koma upp aðstæður að það þurfi að hafa raforkuverð leynd. Ég sé enga ástæðu til þess að þau séu leynd, þannig að já, svarið er já við spurningu borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur; já, ég vil fá að sjá þessi raforkuverð til þess að við fáum að sjá þau.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarfulltrúa Einarí Erni Benediktssyni fyrir svarið. Ég hef ekki séð að aðrir borgarfulltrúar hafi kvatt sér hljóðs eða óskað eftir að taka til máls. Ég geri þá ráð fyrir að Einar Örn sé að tala fyrir hönd meirihlutans þegar hann segir að honum finnist það eðlilegt. Rökkin sem voru notuð í stjórn Orkuveitunnar héldu að mínu mati ekki, af því að þarna var verið að tala um að samkeppni gæti ekki ríkt nema að leynd hvíldi á samningunum. Ég veit ekki betur en að ég viti nákvæmlega hvað gallabuxurnar kosta úti í búð alveg jafnvel og Einar Örn Benediktsson, það er samt samkeppni á gallabuxnamarkaði. Það er samkeppni í verslun almennt í landinu og almenningur til dæmis, raforkuverð til almennings er uppi á borðum og almenningur getur hringt á milli fyrirtækja og spurt hvað þetta kostar.

Það er ekki þannig að þegar borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson kaupir sér raforku að þá fái hann hana á einhverju öðru verði heldur en ég. Það er af sanngirnisjónamiðum sem við höfum þetta bara opið og allir vita hvað raforkan kostar og ég get bara keypt hana hjá því fyrirtæki sem ég vil, auðvitað á þetta sama að gilda um fyrirtæki. Að sjálfsögu. Og auðvitað á þetta sama að gilda um stóriðju. Ef það eru einhver rök sem meirihlutinn hefur hérna fyrir því að halda þessu máli leyndu, þá myndi ég vilja heyra þau. En á meðan ég hef ekki fengið að heyra þau nema þau að þetta sé vegna þess að ég vilji geta selt næsta tómatabónða þetta á herra verði án þess að þessi tómatabónði viti að ég vilji geta þá mögulega haldið því fram að þessi tómatabónði eða þetta Geo-Greenhouse sé að kaupa þetta á einhverju öðru verði heldur en að það er raunverulega að kaupa og þá erum við í rauninni að segja að við viljum stunda allavega hægna viðskiptahætti ef ekki beinlínis óheiðarlega. Ég get ekki séð að þetta séu allavega viðskiptahættir sem ég myndi vilja ástunda [forseti slær í bjöllu]. Ég held að þetta eigi að vera uppi á borðum og [forseti slær í bjöllu] vil þá heyra rök fyrir því ef svo er ekki.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að svara andsvari. Og þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. ... fyrirgefið þið, þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson óskað eftir því að veita andsvar öðru sinni.

**4. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Einar Örn Benediktsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Af því að gallabuxurnar mínar komu til tals, að þó að ég borgi, því ég keypti þessar í Bandaríkjunum og borgaði fyrir þær 35 dollara, að þá veit ég ekkert hvað það kostaði að framleiða þær. Og ef ég ætlaði að reyna að finna út hvað það kostaði að framleiða þær, þá fengi ég ekki þær upplýsingar. Þannig að ég held að það sé ekki alveg hægt að við berum þarna saman gallabuxur og raforkuverðið.

Þannig að við þurfum aðeins svona bara að kíkja á þessa umræðu og ég er svo sannarlega fyrir því að við reynum að opna þá þennan hjúp sem er þá yfir raforkuverði per se og reynum þá að skilja og hafa þá verklagsreglu hvenær það er og hvenær það er ekki og undir hvaða kringumstæðum það ætti að vera eða af hverju ekki bara að hafa þetta alltaf allt opið. En maltflaska kostar 158 kr. og ég veit ekkert hvað það kostaði framleiðandann að kaupa það og kannski kostaði framleiðandann að hérna búa til maltið 35 kr. Af hverju á ég þá að borga 150 kr. fyrir maltflöskuna? Þannig að upprunaverðið það verður alltaf, það hefur alltaf verið falið. Við vitum aldrei hvað gallabuxurnar kostuðu upprunalega og sjálfsagt saumaðar í – ég get kíkt aftan í buxnastrénginn, í Pakistan fyrir miklu minna en 35 dollara.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 30. nóvember 2011

3. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þetta er frábær umræða og ég vil þakka borgarfulltrúa Einari Erni Benediktssyni fyrir að halda áfram með þetta dæmi af því að þá ætla ég að taka þetta skrefi lengra. Það er einmitt mjög ósanngjarnt að ég viti ekki hvað það kostar að framleiða gallabuxurnar og það er mjög ósanngjarnt að ég viti ekki fyrir hvað búðin er að rukka mig vegna þess að maltflaskan kostar 148 krónur. Þess vegna hefur hreyfing, ákveðin hreyfing verið að ryðja sér til rúms víðsvegar um heim, einmitt vegna þess að ákallið um heiðarlega viðskiptahætti er að aukast, hreyfingin sem kallast á útlensku fair-trade, sanngjarnir viðskiptahættir kannski á íslensku, þar sem rekjanleiki vörunnar er markmiðið. Að við getum rakið vöruna til bóndans og það sé hægt að sanna það að viðskiptahættir hafi alla leiðina frá kaffibaunabóndanum einhversstaðar í útlöndum að kaffikönnunni minni, að þeir hafi allan tímann verið heiðarlegir. Það er það sem ég er að tala fyrir hér. Að við séum einmitt með allt uppi á bordum, þannig að við vitum hvað það er sem við erum að greiða fyrir og við getum verið viss um að það sé verið að rukka okkur um sanngjarnt verð. Allir geta grætt eitthvað en það á enginn að svína á neinum.

Þetta eru viðskiptahættir sem við eigum að taka upp í Orkuveitu Reykjavíkur og ef við viljum taka þátt í að breyta, ef við viljum taka þátt í að stunda sanngjarnari viðskiptahætti, þá getum við gert það með þessum hætti meðal annars. Við getum breytt af því að við erum, manstu, kjörnir fulltrúar. Höldum áfram.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson óskað eftir því að gera stutta athugasemd.

Bstj. 30. nóvember 2011

**3. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
(að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

Einar Örn Benediktsson: Ágæta borgarstjórn. Ég er ekki búinn að fara úr buxunum til að kíkja hvar þær voru framleiddar, þannig að ég geymi það bara þangað til, kem með það á næsta borgarstjórnarfund. Í prinsippinu var ég nákvæmlega að segja það sem þú varst að segja þannig að af minni hálfu breytum við því sem við getum breytt og út frá þeim forsendum erum við hér.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið við að veita stutta athugasemd og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

3. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég held að þetta hafi svosem verið ágætis orð við hæfi sem lokaorð umræðunnar, við breytum því sem við getum breytt. Það sem við vorum að ræða hérna áðan í samhengi atvinnustefnunnar og höfum rætt hér oft áður, í ljósi bara áhættudreifingarinnar hjá Orkuveitunni, er þörfin fyrir það að færa okkur úr þessum öfgum, það er að segja að við séum annað hvort að semja við stóriðju sem við þurfum að virkja heil ósköp fyrir og leggja í mikla fjárhagslega áhættu út af og hinsvegar bara neytendum, bara almenningi. Það er að segja við viljum að orkan í kerfinu okkar og það sem við fáum út úr virkjununum okkar nýtist til atvinnuuppbyggingar fyrir lítil, meðalstór og jafnvel stór fyrirtæki á sviði grænnar orku, umhverfisvænnar framleiðslu, sem eru ekki þessir orkugleypar, fáu stóru samningar, sem við höfum byggt upp raforkukerfi, ekki bara hjá Orkuveitunni heldur hjá öðrum fyrirtækjum, eiginlega einvörðungu.

Ég held að við styðjum öll gagnsæi, ekki síst í tilviki stóriðjusamninga þar sem þarf að draga fram hvort það sé réttlætjanlegt að almenningur taki á sig mjög mikla áhættu vegna virkjana og slíkra samninga. Ef við ætlum að innleiða algjört gegnsæi allsstaðar, líka á þessum millimarkaði, það er að segja ekki það sem er til almennings þar sem er ein flöt gjaldskrá eða í þessum stóru samningum sem kalla beinlínis á virkjanir, þá erum við að tala um öll þessi litlu, millistóru og stóru fyrirtæki á millimarkaðnum sem við viljum gjarnan laða til okkar í krafti grænnar orku og við viljum hugsanlega geta boðið mismunandi orkuverð út frá afhendingartíma, út frá dreifileiðum, út frá því hvort það sé afgangur í kerfinu í það og það skipti og þá er mjög erfitt fyrirfram að segja eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir sagði hérna fyrr í kvöld að allir tómatábændur ættu að fá sama orkuverð. Því að sama gallabuxnaverksmiðjan getur haft hagsmuni af því að semja mismunandi við mismunandi vörukeðjur í Bandaríkjunum sem selja Einari gallabuxur eftir því hvort þetta sé fyrsta framleiðsla, hvort þetta sé árgerðin síðan í fyrra, hvort þetta sé afgangsstærð og svo framvegis.

Og mér finnst það bara stór og mjög opin spurning hvort það sé ekki býsna bratt, við skoðum það rækilega hvort við séum að skjóta okkur í fótinn að innleiða þessa nýju og breyttu sýn á atvinnustefnu og orkusölu og orkukaup sem við viljum

Bstj. 30. nóvember 2011

innleiða með einhverjum slíkum ákvörðunum þar sem við erum kannski að spila vopnin upp í hendurnar á öðrum orkuframleiðendum á Íslandi og þannig stuðla óbeint að hærra orkuverði til þeirra sem eru að kaupa orkuna af Orkuveitunni. Þetta er einfaldlega ekki alveg einfalt mál en ég held að það verði að aðskilja og í raun þrískipta umræðunni um orkusölu, í fyrsta lagi til einstaklinga, það er lítið mál; flöt gjaldskrá, þó að í auknum mæli sé hægt að fá núna tilboð frá orkufyrirtækjunum, í öðru lagi er það stóriðjan þar sem mjög margt mælir með því að það ættu að geta verið alveg gagnsæjar upplýsingar og ákveðnir almannahagsmunir þar að baki en það eru ekki alveg sömu almannahagsmunir að baki fulls gegnsæis á þessum tilboðsmarkaði sem myndast þar á milli og alveg hægt að hugsa sér rök fyrir því að það séu almannahagsmunir og hagsmunir okkar sem eigenda fyrirtækisins að Orkuveitan geti einmitt keppt á þessum fyrirtækjamarkaði, tekið þátt í útboðum og það séu til viðkvæmar viðskiptaupplýsingar innan fyrirtækisins sem ekki sé gott að samkeppnisaðilarnir hafi yfir að ráða áður en til dæmis er efnt til einhverra útboða eða einhvers slíks.

Ég held að við verðum bara að vera mjög ábyrg í hlutverkum okkar sem eigandi að þessu leyti og það er erfitt að svara kategórískt fyrir þetta fjölbreytta og flókna millisvið sem þarna er vegna þess að til dæmis í þessu dæmi sem við tókum þarna, þá er Orkuveitan ekki bara að selja raforku. Hún er líka að selja varma, hún er að selja kalt vatn, hún er jafnvel að selja gufu og menn hafa verið að velta fyrir sér að selja þarna í raun snefilefni eða steinefni sem koma upp úr þessum holum til þess að nota sem áburð þannig að einhver einn þáttur af þessum samningi kannski spillir samningsstöðu Orkuveitunnar til þess að selja sambærilegt raforkumagn til einhvers annars aðila sem er ekki að fara að kaupa hinar vörurnar. Þannig að þetta er einfaldlega flókið. Því miður því það væri ofboðslega gott að geta bara sagt: já, opin verð allsstaðar. En mér finnst að við þurfum að velta aðeins betur fyrir okkur hvernig þessi markaður er og hvernig við sjáum nákvæmlega, eins og borgarstjóri var að nefna, fyrir okkur að Orkuveitan beiti sér í honum. Eigum við að beita Orkuveitunni til þess að reyna að gera grænan iðnað og grænan vöxt að veruleika á Íslandi, þá getur það hugsanlega kostað að við verðum að leyfa henni að keppa á þessum markaði.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

3. mál Umræða um starfshætti og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það eru nú svona aðeins að koma fram hér skoðanir í þessum efnum. Ég er alveg sammála því að það er mjög flott að víkja af leið og það er mjög jákvætt að við séum að gera samning við tómatabónda, ég held að þetta verkefni sé fínt, án þess að ég hafi séð samninginn. Það er ofsalega margt jákvætt við þetta og ofsalega margt jákvætt við þá stefnubreytingu sem hefur orðið í Orkuveitunni. Það sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson vitnaði í mig og sagði að ef við værum sátt við þetta verð sem við værum að selja á núna, þá ættum við að geta selt næsta tómatabónda það sama. Hann tók ekki inn seinni hluta setningarinnar minnar og ég ætla að biðja hann að hlusta, sem hljóðaði upp á það að ef við viljum annað verð verðum við að geta rökstutt af hverju. Það er í þessu eins og öllu öðru að maður á aldrei að taka ákvarðanir sem maður getur ekki rökstutt opinberlega.

Ef við getum selt næsta tómatabónda raforkuna á lægra verði af einhverjum ástæðum, ef við getum þá bara sagt þær ástæður, þá mun fólk skilja það. Ef dreifileiðirnar eða afhendingartíminn eða einhverjir aðrir þættir, ef við gerum samning við eitthvað fyrirtæki sem liðkar fyrir sölu á einhverju öðru fyrirtæki, nú þá má bara fólk alveg njóta þess. Þá mega viðskiptavinir njóta þess. En við eigum að geta rökstutt það og við eigum að gera það opinberlega. Það virðist vera einhver mýta í gangi um það að það sé ekki hægt að græða peninga öðruvísi en að það ríki um það leynd hversu mikið maður sé að græða. Ég held að þetta sé byggt á algjörum misskilningi. Þau fair-trade fyrirtæki sem hafa verið rekin fram til þessa hafa bara verið að sýna ágætis afkomu. Þetta er spurning um breytta viðskiptahætti og það er ekkert sem segir að við getum ekki farið að gera þetta á fyrirtækjamarkaði. Ég hugsa að langflest fyrirtæki væru bara alveg tilbúin til þess að taka þátt í þessari breytingu og sérstaklega þegar við erum að gera nýja samninga, þá eigum við að nota tækifærið og allavega láta á það reyna sem stjórn Orkuveitunnar gerði ekki í umboði þessa meirihluta.

Allavega, ég vil þakka fyrir umræðuna hér í dag, hún var ágæt að mörgu leyti. Ég vona að þetta hafi vakið fólk til umhugsunar bara um sanngjarna viðskiptahætti af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og mögulega Faxaflóahafna og fleiri fyrirtækja. Ég held reyndar að allar verðskrár séu algjörlega uppi á borðum hjá Faxaflóahöfnum,

Bstj. 30. nóvember 2011

nú situr formaðurinn hér, það er kannski efni í aðra umræðu. En ég held að þessi umræða hafi verið ágæt í dag, ég held að við séum öll einhvers fróðari og ég held, ég tek undir með borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og því sem Kjartan Magnússon hefur talað hér um oft og iðulega, að við eigum að ræða málefni Orkuveitu Reykjavíkur mun oftast á borgarstjórnarfundum. Það skiptir mjög miklu máli að allir kjörnir fulltrúar séu meðvitaðir um það sem er að gerast í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og hafi á því skoðanir. Að þau segi skoðanir sínar á því hvernig þetta fyrirtæki skuli rekið og hvert skuli stefnt, bæði hvað varðar orkunýtingu og orkusölu og jafnvel rekstrarform.

En að því búnu vil ég þakka fyrir umræðuna.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið og telst umræðu lokið.